

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 126
 uppgjöf á eptirgjaldi eptir þjóðjörð. — Í tilefni af beiðni ábúandans á hálfri umboðs- 2. des.
 jörðinni Hafnanesi og samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í póknanlegu brjefi 19.
 sept. p. á. vil jeg hjermeð fallast á, að nefndum leiguliða verði veitt, fyrir yfirstandandi
 fardagaár, uppgjöf á landsskuld hans og leigum eptir tjeða ábúðarjörð hans, sem pókn-
 un fyrir það, að hann hefur flutt bæjarhúsin á leigujörð sinni undan sjávarágangi á
 betri og hentugri stað.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð, herra amtmaður, til póknanlegrar frekari birt-
 ingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 127
 greiðslu kostnaðar við undirbúning á nýju jarðamati. — Með póknanlegu brjefi 27. 10. des.
 okt. p. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Árnessýslu
 dags. 6. s. m., þarsem hann fyrir sýslunefndarinnar hönd og í tilefni af því, að amts-
 ráðið í suðuramtinu hefur úrskurðað, að kostnaður af endurskoðun þeirri á jarðamatinu,
 er fyrirskipuð var með brjefi ráðgjafans 28. febr. 1882, sje sýslusjóðnum óviðkomandi,
 og þessvegna felld úr sýslusjóðsreikningi Árnessýslu fyrir 1883 upphæð nokkra, 62 kr.
 25 a., er greidd hafði verið úr sýslusjóði sem póknun til 3 sýslunefndarmanna fyrir að
 starfa að endurskoðun jarðamatsins utanfundar — fer þess á leit, að bæði þessi upp-
 hæð, sem nú var nefnd, og ennfremur 84 kr., sem sýslunefndinni bæri í laun fyrir að
 sækja sýslufundinn um jarðamatið og sitja á honum, eða samtals 146 kr. 25 a., verði á-
 vísaðar sýslunefndinni úr landssjóði.

Útaf þessu skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að tjá
 sýslunefndinni í Árnessýslu, að með því að fjárveitingarvaldið hafi eigi ákveðið neitt
 endurgjald handa sýslunefndum eða hreppsnefndum fyrir ómak þeirra við áminnsta end-
 urskoðun jarðabókarinnar frá 1861, þá sjái jeg mjer eigi fært, að ávísa hina umræddu
 upphæð úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 128
 bygging eyðjarðar. — Að ráðgjafinn hafi með brjefi 7. f. m. samkvæmt uppástungu 14. des.
 umboðsmannsins yfir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, er þjer, herra amtmaður,
 skýrðuð mjer frá í póknanlegu brjefi, 12. maí p. á., fallizt á, að umboðsjörðin Elliði í
 Staðarsveit verði boðin upp til ábúðar með því fyrirheiti, að sá, sem vildi taka jörð
 þessa til ábúðar og flytja bæinn þaðan, sem hann nú er, að svonefndum Holtum og
 byggja hann þar upp aptur í fullgildu standi, skyldi, þegar hann væri búinn að sanna
 með löglegri skoðunargjörð, að hann hefði gjört þetta, fá endurgoldinn kostnað þann, er
 af því leiddi eptir mati óvillhallra manna, þó ekki meira en 200 kr., og fá eptirgefinn
 helming landsskuldar af jörðunni um 3 fyrstu ábúðarár hans, meðan hann væri að
 rækta upp nýtt tún — það tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til póknanlegrar
 ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 129
 sveitfesti þurfamanns. — Í erindi nokkru, dags 18. f. m., er hingað hefir komið beina 15. des.
 31. dag desemberm. 1885.